



Hrönn Jóhannesdóttir

Fædd 24. febrúar 1963

Dáin 19. febrúar 2024



Útför frá Ytri-Njarðvíkurkirkju
föstudaginn 1. mars 2024

Prestur: Sr. Brynja Vigdís Þorsteinsdóttir

Organisti: Arnór Vilbergsson

Einsöngur: Valdimar Guðmundsson

Rakel Pálsdóttir

Umsjón útfarar: Útfararþjónusta Suðurnesja

Aðstandendur þakka auðsýnda samúð og hlýhug og bjóða
kirkjugestum að þiggja veitingar í Stapa að athöfn lokinni.

Forspil

Fallegur dagur

Bubbi Morthens

Bæn

Hærra, minn Guð, til þín,
hærra til þín,
enda þótt öll sé kross
upphæðin mín.
Hljóma skal harpan mín:
:: Hærra, minn Guð, til þín, ::
hærra til þín.

Sofanda sýndu þá
sólstigans braut
upp í þitt eilífa
alföðurskaut.
Hljómi svo harpan mín:
:: Hærra, minn Guð, til þín, ::
hærra til þín.

Lyfti mér langt í hæð
lukkunnar hjól,
hátt yfir stund og stað,
stjörnur og sól,
hljómi samt harpan mín:
:: Hærra, minn Guð, til þín, ::
hærra til þín.

Matthías Jochumsson / Adams

Ritningarlestur

Þú komst við hjartað í mér

Páll Óskar / Toggi

Ritningarlestur

Einhversstaðar einhverntímann aftur

Magnús Eiríksson

Guðspjall

Skýjadans

Rakel Pálsdóttir

Minningarorð

Íslenska konan

Ómar Ragnarsson / Billy Joel

Bæn og Faðir vor

Kveðja

Þar sem englarnir syngja sefur þú
sefur í djúpinu vera.
Við hin sem lifum, lifum í trú
að ljósið bjarta skæra
veki þig með sól að morgni
veki þig með sól að morgni.

Drottinn minn faðir lífsins ljóss
lát náð þína skína svo blíða.
Minn styrkur þú ert, mín lífsins rós
tak burt minn myrka kvíða.
Þú vekur hann með sól að morgni
þú vekur hann með sól að morgni.

Faðir minn láttu lífsins sól
lýsa upp sorgmætt hjarta.
Hjá þér ég finn frið og skjól.
Láttu svo ljósið þitt bjarta
vekja hann með sól að morgni
vekja hann með sól að morgni.

Drottinn minn réttu sorgmæddri sál
svala líknarhönd.
Og slökk þú hjartans harmabál
slít sundur dauðans bönd.
Svo vaknar hann með sól að morgni
svo vaknar hann með sól að morgni.

Farðu í friði vinur minn kær
faðirinn mun þig geyma.
Um aldur og ævi þú verður mér nær
aldrei ég skal þér gleyma.
Svo vöknum við með sól að morgni
svo vöknum við með sól að morgni.

Svo vöknum við með sól að morgni
svo vöknum við með sól að morgni.
Bubbi Morthens

Moldun

Í bljúgri bæn og þökk til þín,
sem þekkir mig og verkin mín.
Ég leita þín, Guð leiddu mig
og lýstu mér um ævistig.

Ég reika oft á rangri leið,
sú rétta virðist aldrei greið.
Ég geri margt, sem miður fer,
og man svo sjaldan eftir þér.

Sú ein er bæn í brjósti mér,
ég betur kunni þjóna þér,
því veit mér feta veginn þinn,
að verðir þú æ Drottinn minn.
Pétur Þórarinnsson / Amerískt þjóðlag

Blessun

Eftirspil

Átján rauðar rósir

Giuseppe Verdi